



Reglugerð um fulltrúaráð

Landssambands slökkviliðs-
og sjúkraflutningamanna

1. grein.

Fulltrúaráð skal vera stjórn félagsins til ráðuneytis í helstu hagsmunamálum félagsmanna.

Fulltrúaráð skal taka til umfjöllunnar og/eða fullnaðarafgreiðslu þau mál og málefni er varða geta heildarhagsmuni félagsmanna og stjórn félagsins hefur vísað til meðferðar fulltrúaráðs.

Fulltrúaráð LSS skal taka til umfjöllunar og/eða fullnaðarafgreiðslu öll meiriháttar málefni er varðað geta heildarhagsmuni félagsmanna. Einnig skal ráðið taka fyrir þau mál sem stjórn LSS vísar til meðferðar fulltrúaráðs.

2. grein

Fulltrúaráð skipa:

1. Stjórn félagsins.
2. Kjörnir fulltrúar deilda félagsmanna er njóta félagsaðildar á grundvelli 1. tl. 3. greinar.
3. Tveir fulltrúar félagsmanna er njóta félagsaðildar á grundvelli 2. tl. 3. greinar laga félagsins kjörnir á aðalþing félagsins.

Formaður fag- og menntaráðs situr fundi fulltrúaráðs með málfrelsi og tillögurétti.

2. grein.

Formaður félagsins er jafnframt formaður fulltrúaráðs. Hann tilnefnir fundarstjóra og ritara eða er sjálfur fundarstjóri svo og boðar fundi fulltrúaráðs.

Fundir skulu boðaðir með minnst 5. daga fyrirvara, þó er heimilt að boða til fundar með skemmri fyrirvara beri brýna nauðsyn til. Í fundarboði skal getið dagskrár fundarins.

Heimilt er að boða varafulltrúa á fundi ráðsins og hafa þeir þá málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

3. grein.

Fulltrúafundir eru lögmætir ef rétt er til þeirra boðað og 2/3 hlutar fulltrúaráðsmanna eru mættir.

Skyld er að halda fulltrúaráðsfund ef 1/3 hluti fulltrúaráðsmanna krefst þess skriflega að haldinn sé fundur.

5. grein.

Það ár sem aðalþing félagsins er ekki haldið skulu reikningar félagsins lagðir fram



í fulltrúaráði LSS til staðfestingar. Reikningar skulu síðan hljóta endanlega afgreiðslu og samþykki á næsta aðalþingi.

6. grein.

Um breytingar á reglum þessum gildir sama og um lagabreytingar væri að ræða.

Samþykkt á fyrst á 2. þingi LSS 25- 27 mars 1994.

Samþykkt síðast á 7. þingi LSS, apríl 1999.